

Umræðufundur Félags háskólakennara

Haldinn 6. febrúar 2006 í matsalnum á Sólborg frá kl 11:45-13:00

Dagskrá:

1. Matur í boði félagsins. Alls voru mættir 15 manns.
2. Mættir voru fulltrúar kennara í háskólaráði til að ræða efni síðustu funda háskólaráðs þær Anna Þóra Baldursdóttir og Ingibjörg Elíasdóttir. Anna Þóra kynnti efni síðustu háskólaráðsfunda og tók fram að fundargerðir væru á vefnum og hægt væri að senda fyrirspurnir til fulltrúanna. Hins vegar væri lítið um það.

Efni funda í háskólaráði:

Rekstraráætlun og ráðning framkvæmdastjóra.

Umræða var á fundinum um hvað sparaðist við þetta fyrirkomulag.

Sparnaðaraðgerðir koma oft ekki í ljós strax heldur verður að horfa til nokkurra ára.

Ráðning deildarforseta félagsvísinda-og lagadeildar sem var vísað til rektors.

Áfallateymi við skóla.

Rannsóknaverkefni

Skipan í nefndir

Aðalskipulag háskólasvæðis var kynnt.

Umræða var á fundinum um skipulag háskólasvæðis og að tengingu vantaði með göngustígum við hverfin í kring og þá sérstaklega við giljahverfið. Formlegt samstarf þyrfti að vera á milli háskólans og bæjarins um þetta skipulag.

Á desember fundi var rætt um:

Peningamál

Stefnumótun og undirbúning meistaranáms í viðskiptadeild

Reglur um rannsóknaleyfi sem hafa breyst. Nýjar reglur eru á vefnum.

Skjalastjórnun

Reglur um ritstuld. Þyrfti að setja samræmdar reglur. Þeirri vinnu er ekki lokið.

Spurning um framhaldsnám í lögfræði

Fjarkennslunefnd

Á nóvember fundi var rætt um:

Skýrslu þar sem aðgerðir voru kynntar til endurskipulagningar

Starfshópur er starfandi um jafnt aðgengi til náms.

Á september fundi var rætt m.a. um:

Starfsmannastefnu

Umræða var um það að skólinn fær minna með hverjum nemanda en aðrir háskólar hér á landi. Athugasemdir komu strax þegar þetta var kynnt. Rektor hefur fylgt þessu eftir. Munar um 100.000,- á hvern nemanda eða 150 miljónir. Deildir eru misdýrar og eru deildir sem innihalda verklega kennslu dýrastar.

Einnig var rætt um stefnumótunarvinnu sem er í gangi þar sem skipting fjárframlaga innan deilda er til umfjöllunar.

Einnig var rætt um umhverfisráð sem er skipað 3 mönnum og hvar sú vinna er stödd. Sú nefnd er að störfum.

Fulltrúar háskólaráðs vilja hvetja til þess að þeim verði sendar ábendingar um efni sem þyrfti að taka fyrir á fundum háskólaráðs að mati kennara. Setja þyrfti dagskrána á netið.

Tillaga kom um að til réttis um rannsóknaleyfi yrði ekki bara metin rannsóknavinna m.t.t. niðurstöðu úr stigamati, heldur líka þátttaka starfsmanna í stjórnunarstörfum t.d. mæting á fundi, seta í ýmsum nefndum o.fl.